



# Foreldraráð í leikskólum

## Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja *að lágmarki* þrír foreldrar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur .

## Kosning í foreldraráð

- Í september ár hvert skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð með því að boða alla foreldra formlega til fundar með tveggja vikna fyrirvara.
- Í fundarboðinu kemur fram hlutverk foreldraráðs samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008. Framboð og kosning fara fram á sama fundi, kosið er til eins árs. Allir foreldrar hafa kosningarétt og kjörgengi.

- Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg en leikskólastjóra er þó heimilt að leggja til á fundinum að atkvæði skuli greidd með handauppréttingu en til þess þarf samþykki meirihluta fundarmanna.

## Hlutverk foreldraráðs er að:

- Gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um :
  - skólanámskrá
  - starfsáætlun
  - aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans

Skóla- og frístundaráð verður að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

- Fylgjast með :
  - framkvæmd skólanámskrár
  - framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
  - að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.

- Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra barna eða starfsmanna.

- Foreldrar geta óskað eftir því að stofnað verði foreldrafélag og skal leikskólastjóri þá aðstoða við stofnun þess. Foreldrafélag *getur ekki* tekið að sér verkefni foreldraráðs.

